

BORGARRÁÐ 6. október 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skilgreinda baðstaði við sjó – MSS22100064

Borgarráð samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði, og eftir atvikum nýju sviði menningar-, íþrótt- og tólmstunda, að kortleggja náttúrulega baðstaði í Reykjavík þar sem fólk kys að stunda sjósund til hreyfingar og heilsubótar. Í framhaldinu verði heilbrigðisnefnd falið að skilgreina staðina sérstaklega sem baðstaði í 3. flokki sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Jafnframt verði því beint til heilbrigðisnefndar að tryggja reglulegar sýnatökur á skilgreindum baðstöðum í 3. flokki og tryggja viðeigandi öryggismerkingar, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 12. gr. reglugerðarinnar.

Greinargerð:

Þeim fjölgar sífellt sem stunda sjósund til hreyfingar og heilsubótar í Reykjavík. Náttúrulegir baðstaðir finnast víða um borgina þó þeir séu ekki sérstaklega skilgreindir sem slíkir.

Á dögnum bárust fremur ógeðfelldar fregnir af óhreinsuðu skólpi sem rann út í sjó við Ægisíðu - á sömu slóðum og fjölmargir stunda reglulegt sjósund og skólahópar sækja gjarnan fjöruferðir. Málið vakti mikla óánægju meðal sundfólks sem hafði ekki fengið viðeigandi viðvaranir um ástandið.

Til að fyrirbyggja aðrar eins upptökur telja fulltrúar Sjálfstæðisflokks rétt að algengir sjósundstaðir í borginni verði kortlagðir og skilgreindir sérstaklega sem baðstaðir í 3. flokki, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Slík skilgreining myndi hafa í för með sér reglulegar mælingar á heilnæmi vatns hverju sinni, og skyldu til að vara almenning við notkun einstakra baðstaða, þegar hætta greinist í nánasta umhverfi.

Nálægð við sjó og margvísleg haftengd upplifun er meðal þess sem gerir Reykjavíkurborg að einstökum búsetustað. Við þurfum að varðveita þessi sérkenni og gæta þess að borgarbúar fái notið þeirra lífsgæða til fulls - með öryggi og heilnæmi að leiðarljósi.